Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 KÓPAVOGUR

Reykjavík, 12. nóvember 2024.

**Efni: Ósk um styrk frá Kópavogsbæ til Kvennaráðgjafarinnar, kt. 471085-0499.**

Kvennaráðgjöfin var stofnuð árið 1983 og sinnir ókeypis félags- og lögfræðráðgjöf til þeirra sem til hennar leita. Er hún opin tvisvar í viku, á þriðjudagskvöldum frá kl. 20-22 og á fimmtudögum frá kl. 14-16. Að auki sinnir Kvennaráðgjöfin lögfræðiráðgjöf í Bjarkarhlíð, miðstöð fyrir brotaþola ofbeldis, annan hvern miðvikudagseftirmiðdag og tilfallandi lögfræðiráðgjöf í Bjarmahlíð, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis á Norðurlandi bæði á staðnum og í síma. Þá hefur ráðgjöfin nýlega einnig hafið að sinna slíkri ráðgjöf hjá Sigurhæðum, miðstöð fyrir brotaþola ofbeldis á Suðurlandi sem og að ráðgjöfin er samstarfsaðili Suðurhlíðar, samsvarandi miðstöðvar á Suðurnesjum, sem brátt mun taka til starfa.

Auk þess situr fulltrúi Kvennaráðgjafarinnar í stjórn Bjarmahlíðar, Bjarkarhlíðar og Suðurhlíðar, þar sem Kvennaráðgjöfin er einn af þeim aðilum sem stendur að miðstöðvunum.

Kvennaráðgjöfin er að mestu rekin í sjálfboðavinnu en hins vegar hefur reynst erfitt að manna viðtalstíma á dagvinnutíma og því hefur verið brugðið á það ráð að greiða fyrir þau viðtöl. Hefur ráðgjöfin húsnæði að leigu á Túngötu 14 til að sinna viðtölum á opnunartíma, auk þess sem nauðsynlegt er að hafa síma, tölvupóstfang og heimasíðu.

Til ráðgjafarinnar leita konur í meirihluta en talsvert er um að karlar leiti þangað líka. Flest erindin tengjast sifjamálum, svo sem skilnaði, fjárskiptum, forsjár- og umgengnisréttarmálum. En margvísleg önnur erindi berast ráðgjöfinni einnig, svo sem vegna ofbeldis- eða áreitni, erfðamála, húsnæðismála og ýmiss konar réttindamála. Þeir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

einstaklingar sem til ráðgjafarinnar leita búa oft við þröng efnahagsleg kjör og hafa ekki efni á að leita sér lögmannsaðstoðar.

Kvennaráðgjöfin hefur einnig undanfarin 9 ár sinnt í verulegum mæli aðstoð og kennslu í verkefnum á vegum Uppbyggingarsjóðs EES, m.a. í samstarfi við Mannréttindaskrifstofu Íslands þar sem starf frjálsra félagasamtaka á sama sviði í styrkþegaríkjum sjóðsins hefur verið stutt með sérfræðiaðstoð og styrk frá Uppbyggingarsjóðnum. Töluverð vinna hefur verið einkum hjá sjálfboðaliðum á vegum Kvennaráðgjafarinnar síðustu 6 árin þar sem byggt hefur verið á þeirri hugmyndafræði að flytja út íslenska reynslu og hugvit frá íslenskum félagasamtökum, svokölluðum þriðja geira.

Hingað til hefur tekist að ná endum saman og halda ráðgjöfinni gangandi en nú er svo komið að loka verður ráðgjöfinni fái hún ekki fjárframlag. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og Reykjavíkurborg hafa verið stærstu stuðningsaðilar Kvennaráðgjafarinnar og hafa önnur sveitarfélög enn fremur lagt til lágar fjárhæðir. Nú í ár synjuðu bæði ráðuneytið og Reykjavíkurborg ósk Kvennaráðgjafarinnar um fjárhagsstuðning og því er ekki til fé til að standa straum af þeim kostnaði sem getið var hér að framan. Þá hefur Kvennaráðgjöfin ekki fengið neina styrki frá ríkinu þetta árið.

Af þessum sökum óskar Kvennaráðgjöfin eftir styrk frá Kópavogsbæ svo henni verði unnt að sinna sínum verkefnum áfram. Verði ekki orðið við þeirri ósk er útséð með reksturinn, þar með lögfræðiráðgjöf þá sem ráðgjöfin innir af hendi í framangreindum móttökumiðstöðum við brotaþola ofbeldis. Verður þá í raun sú staða uppi að þar mun konum af erlendum uppruna bjóðast lögfræðiráðgjöf frá Mannréttindaskrifstofu Íslands en íslenskum konum engin.

Heildarkostnaður við rekstur Kvennaráðgjafarinnar er um kr. 4.000.000.- á ári, en er þá miðað við rekstur síðustu ára þar sem öllum kostnaði hefur verið haldið í lágmarki til að láta fjárhagshliðina ganga upp. Til að mynda hefur engu fé verið varið til auglýsinga, mikil þörf er á endurnýjun tölvubúnaðar og rafrænna lausna til að bæta fjarþjónustu, og þá er mikil þörf á að bjóða upp á hópastarf svo sem gert var áður hjá Kvennaráðgjöfinni, en til þess þarf að vera mögulegt að greiða sérfræðingum til að leiða þá. Til að Kvennaráðgjöfin geti haldið áfram núverandi starfi óbreyttu, þ. á m. þjónustu við

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

miðstöðvarnar þarf að liggja fyrir fjárstuðningur við samtökin að fjárhæð 4.000.000.- árlega og er óskað eftir framlagi frá Kópavogsbæ upp í þann kostnað.

Með von um jákvæð viðbrögð.

f.h. Kvennaráðgjafarinnar,

Sími: 6907540, netfang: radgjof@kvennaradgjofin.is



Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026